

**Nd.**

**262. Breytingartillaga**

[107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Sigfúsi Sigurhjärtarsyni.

Aftan við frv. kemur svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Meðan innheimt eru þau gjöld, sem um getur í III. kafla laga þessara, og fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmunarseðla sína og fela henni að annast útvegum vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.